

úrslitum, svo og þar sem stefndur hefir ekki mætt á sáttafundi í málinu, þykir verða að dæma hann til þess að greiða stefnandanum málskostnað, eins og krafizt hefir verið.

Vegna anna hefir dómur eigi orðið kveðinn upp í máli þessu fyrri en nú.

Laugardaginn 19. des. 1931.

Nr. 26/1931. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Bernhard Kramer (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 29. jan. 1931: Kærði, Bernhard Kramer, á innan fjögur vikna að greiða 15.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, en afplána bana með átta mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum J. H. Wilhelms, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Laugardaginn 24. janúar s. l. var varðskipið Óðinn á ferð vestur með landi út af Sjávarmelum. Kl. 11,45 sást frá varðskipinu til tveggja togara, er þá virtust hafa austlæga stefnu, en sneru út frá landinu kl. 11,58. Kl. 12,07 var þessi staðarákvörðun gerð á varðskipinu:

Alviðruhamarsviti

> 54° 50'

Sjávarmelamerki

> 69° 30'

Suðurendi Lómagnúps

Alviðruhamarsviti

> 19° 30'

Togararnir

Kl. 12,11 var önnur staðarákvörðun gerð á varðskipinu:

Hjörleifshöfði $\neq$ Alviðruhamarsviti > til Sjávarmelamerkis 77° 30' og > til þess af togurunum, sem grynna var og síðar reyndist að vera togarinn J. H. Wilhelms, P. G. 333 frá Wesermünde, sem kærði var skipstjóri á, 24° 30'.

Kl. 12,17 var togurum þessum gefið merki um að nema staðar, en þeir sinntu því eigi. Var þá skotið tveimur aðvörunarskotum, og er þeim heldur eigi var sinnt, var loks kl. 12,26 skotið skörpu skoti fyrir framan skip kærða og nam það þá staðar. Kl. 12,43 kom varðskipið að skipi kærða og var þá verið að enda við að draga inn stjórnborðsvörpu á því. Var gerð þar þessi staðarákvörðun:

Alviðruhamarsviti

> 33°

Mýrnatangamerki

> 73° 30'

Sjávarmelamerki

Síðan var farið með skip kærða til Vestmannaeyja og mál hans rannsakað þar og dæmt í lögreglurétti með þeim úrslitum, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, og hefir þessum dómi lögregluréttarins verið skotið til hæstaréttar að ósk kærða.

Framan nefndar staðarákvarðanir foringja varðsupsins verður að leggja til grundvallar við dóm þessa máls, enda er ekkert framkomið í málinu, er geti hnekkð þeim. Er með þeim og öðrum gögnum málsins sannað, að kærði hefir í umrætt skipti verið að veiðum með botnvörpu í landhelgi, með því

að staðarákvörðunin kl. 12,07 sýnir, að skip kærða hefir þá verið a. m. k. 0,8 sjómílu innan landhelgislínu, því miðunarlína sú, sem skipið þá var í liggur hvergi nær landhelgislínunni en sem þessu nemur á því svæði, er hér getur verið um að ræða, og staðarákvörðunin kl. 12,43 sýnir, að skip kærða þá var 0,3 sjómílu innan landhelgislínu, en kærði hefir viðurkennt, að hafa verið að botnvörpuveiðum síðustu tvær klukkustundirnar áður en skip hans var stöðvað. Kærði hefir þannig gerzt brotlegur gegn 1. gr. l. nr. 5, 18. maí 1920 og með því að hann með dómi lögregluréttar Vestmannaeyja 26. maí 1928 hefir sætt sektum fyrir samskonar brot og með hliðsjón af því að gullgildi íslenzkrar krónu er nú 58,01 þá ákveðst refsing hans samkv. 3. gr. nefndra laga 20000 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands og afplánist sekt þessi með 8 mánaða einföldu fangelsi verði hún eigi greidd innan eins mánaðar frá birtingu dóms þessa. Eftir atvikum þykir eigi nægilega sannað; að kærði hafi af ásettu ráði veitt í landhelgi og verður hann því eigi látinn sæta fangelsisrefsingu samkv. 5. gr. nefndra laga.

Um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað í héraði skal lögregluréttardóminum vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Bernhard Kramer, skipstjóri á togaranum J. H. Wilhelms, P. G. 333, frá Wesermünde, greiði 20000 króna sekt til Landhelgis-

sjóðs Íslands, er afplánist með 8 mánaða einföldu fangelsi, ef sektin verður eigi greidd innan eins mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað í héraði skal lögregluréttardóminum öraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Bernhard Kramer, skipstjóra á togaranum J. H. Wilhelms, P. G. 333 frá Wesermünde, og er hann fæddur 21. apríl 1892. Er kærða gefið að sök, að hafa brotið gegn lögum nr. 18, 5. maí 1920 með því að toga á landhelgissvæðinu út af Sjávarmelum s. l. laugardag 24. þ. m.

Málavextir eru þessir:

Nefndan dag var varðskipið Óðinn á vesturleið á þessum slóðum og er kl. var 11.45 sáust tveir togarar, sem virtust hafa austlæga stefnu. En 13 mínútum seinna — kl. 11.58 — athuguðu þeir á Óðni, að bæði skipin sneru út frá landi og var þá 9 mínútum seinna — kl. 12.07 — gerð staðarathugun og önnur 4 mínútum þar á eftir — kl. 12.11.

Samkvæmt uppdrætti, framlögðum í réttinum, reyndust togararnir — en skip kærða, J. H. Wilhelms, var annað þeirra — eftir miðunarlínu frá Óðni, byggðum á þessum mælingum og stöðum þeim, sem þeir voru stöðvaðir á, vera, þá á landhelgissvæðinu.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á Óðni stöðvaði kærði skip sitt kl. 12.26, eftir að hafa togað út og vestur í 28

minútur og þegar 17 mínútum seinna var gerð hjá honum staðarathugun, reyndist togarinn samkvæmt mælingum varðskipsins 0,3 sjómílu fyrir innan landhelgislinuna.

Kærði hefir kannast við, að það sé rétt, að hann hafi verið að toga þegar hann var stöðvaður af Óðni og um tíma þar áður. En hann hefir af ýmsum ástæðum ekki viljað viðurkenna, að mælingar varðskipsins séu réttar og vill byggja á mælingunum, sem hann sjálfur gerði. Auk þess tekur hann fram því til stuðnings, að hann hafi nokkru áður sett út fiskibauju þarna nálægt, sem hann og fleiri hafi staðsett með mælingum og sem hafi verið 0,15 sm. fyrir utan landhelgislinuna. Inn fyrir þessa bauju neitar hann að hafa togað. Einnig neitar hann eindregið, að það sé rétt, að hann hafi síðustu 28 mínúturnar togað út og vestur. Hann fullyrðir, að hafa stýrt beint í vestur þenna tíma, en það er meðfram landhelgislinunni á þessum stöðum. Hafa tveir skipsmanna hans borið vitni um þetta með honum og boðizt til að vinna eið að því að það sé rétt.

Um þessar varnarástæður kærða skal tekið fram. Það hefir alls ekkert komið fram í málinu, sem afsanni mælingar Óðins eða geri þær tortryggilegar. Hlýtur því að verða að byggja á þeim, en ekki mælingum kærða, sem auk þess engir óvilhallir menn hafa gert með honum, en hann hinsvegar átt kost á að fylgjast með úrslitamælingum Óðins. Verður því að álíta, að skip kærða hafi verið a. m. k. 0.3 úr sjómílu fyrir innan linuna þegar það var stöðvað. Því norðan vindur bar frá landi og straumur venjulega austur eða vestur þarna, en annars óupplýst um hann í þessu tilfelli. Og einnig verður að ganga út frá því að áðurnefnd fiskboja hafi verið 0,4 úr sjómílu fyrir innan linuna eins og Óðinn mældist hún og að þetta m. a. sýni, að mælingar kærða séu ekki vel ábyggilegar. Að því er kemur til fullyrðingar um að hafa stefnt beint í vestur síðast, þá skiptir það eftir þessu engu um úrslit málsins og þótti því þegar af þeirri ástæðu ekki ástæða til þess, að láta vitnin eiðfesta framburð sinn.

Eftir þessu verður rétturinn að lita svo á, að fullsannað sé, að kærði hafi gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 18, 5. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum. Þykir refsing hans eftir 3. gr. sömu laga hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 15000 til Landhelgissjóðs Íslands og þá tekið til-

lit til þess, að um itrekað brot af hálfu kærða á lögum þessum og lagagrein er að ræða og að gullgengi íslenzkrar krónu er 0,8174. Hinsvegar þykir eftir því, sem fyrir liggur næg ástæða til þess að ætla að um óviljaverknað sé að ræða af hálfu kærða og að því megi láta hann komast hjá fangelsisrefsing þeirri, sem að öðrum kosti liggur við hinu itrekaða broti.

Auk sektargreiðslunnar skulu upptæk öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara, og andvirðið renna í Landhelgis-sjóð Íslands. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.
